

IS

IS

IS



FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS

Brussel, ...
C

Drög

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr .../...

um [...]

breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. .../... sem setur ítarlegar framkvæmdarreglur varðandi heilsufar flugáhafna í almenningsflugi samkvæmt reglugerð (EB) Evrópuþingsins og Evrópuráðsins nr. 216/2008

Drög

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr.../...

um [...]

breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. .../... sem setur ítarlegar framkvæmdarreglur varðandi heilsufar flugáhafna í almenningsflugi samkvæmt reglugerð (EB) Evrópuþingsins og Evrópuáðsins nr. 216/2008

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDINS,

Hefur með hliðsjón af sáttmála um starfshætti Evrópusambandsins,

Hefur með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar, 2008 um almennar reglur innan almenningsflugs, stofnun Flugöryggistofnunar Evrópu og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ⁽¹⁾, og einkum 6. mgr. 7. gr. hennar,

Þar sem:

- (1) Reglugerð (EB) nr. 216/2008 miðar að því að setja á fót og viðhalda háu samræmdu öryggisstigi í almenningsflugi í Evrópu. Sú reglugerð gefur kost á að öðlast það markmið og önnur markmið á sviði flugöryggis.
- (2) Flugmenn sem annast stjórnun á nánar tilgreindum tegundum flugvéla verða að fylgja tilheyrandi grunnkröfum í viðauka III við reglugerð (EB) nr. 216/2008. Samkvæmt þeirri reglugerð, skulu flugmenn fá útgefið heilbrigðisvottorð þegar þeir hafa uppfyllt grunnkröfur um heilbrigði.
- (3) Fluglæknar sem eru ábyrgir fyrir því að meta heilbrigði flugmanna skulu einnig fá vottorð þegar þeir eru taldir uppfylla nauðsynlegar grunnkröfur. Hins vegar gerir reglugerð (EB) nr. 216/2008 ráð fyrir þeim möguleika að heimilislæknar geti innt skyldum fluglæknis af hendi undir ákveðnum kringumstæðum og ef heimilt að landslögum.
- (4) Flugáhöfn sem starfar um borð í nánar tilgreindri flugvél þarf að standast tilheyrandi grunnkröfur í viðauka IV við reglugerð (EB) nr. 216/2008. Samkvæmt þeirri reglugerð, skal flugáhöfn gangast reglubundið undir heilbrigðismat svo hún geti með öruggum hætti framkvæmt öryggisskyldur sínar. Sýna verður fram á samræmi með viðeigandi mati sem grundvallast á bestu starfsvenjum fluglækna.
- (5) Reglugerð (EB) nr. 216/2008 krefst þess að framkvæmdarstjórnin innleiði nauðsynlegar framkvæmdarreglur fyrir vottorð flugáhafna og vottorð fyrir flugmenn, sem og einstaklinga sem tengjast þjálfun þeirra, prófun, eða eftirliti sem og einstaklinga sem taka þátt í að meta heilbrigði þeirra. Reglulegð (EB) nr. .../... setti

¹ OJL 79, 19.3.2008, bls. 1

þessar framkvæmdarreglur, með undantekningu hvað varðar þær reglur sem snerta heilbrigðiskröfur fyrir flugmenn og flugáhafnarmedlimi. Núgildandi reglugerð breytir því reglugerð (EB) nr. .../... til að bæta þessum sjónarmiðum við.

- (6) Nauðsynlegt er að veita flugiðnaðinum og ríkisstjórnnum aðildarríkjanna nægan tíma til að aðlagast hinum nýja lagaramma, að gefa aðildarríkjum tíma til að gefa út sérstakar tegundir heilbrigðisvottorða sem “JAR” nær ekki yfir, og til að viðurkenna undir ákveðnum kringumstæðum gildi heilbrigðisvottorða sem gefin eru út og mat fluglækna sem gerð eru áður en reglugerð þessi tekur gildi.
- (7) Til að tryggja snuðrulausa breytingu og hátt stig af samræmdu flugöryggi í almenningsflugi innan ESB, ættu framkvæmdarráðstafanir að endurspeglu bestu mögulegu aðferðir, þar á meðal bestu starfsvenjur fluglækna. Samkvæmt því, skal taka mið af tæknikröfum og verklagi innan stjórnsýslunnar sem Alþjóðaflugmálastofnunin (hér eftir „ICAO“) og Flugöryggissamtök Evrópu hafa samþykkt fram til 30. júní 2009 sem og gildandi lagaumhverfi í viðkomandi landi.
- (8) Stofnunin gerði drög að framkvæmdarreglum og lagði þær fram sem álit fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- (9) Þær ráðstafanir sem gert er ráð fyrir í þessari reglugerð eru í samræmi við álit samtakanna og grundvallast á 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008,

HEFUR SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

1. grein

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. .../... er samþykkt sem hér segir:

1. Í stað 1. greinar kemur eftirfarandi:

„1. grein Inntak

Reglugerð þessi setur nákvæmar reglur fyrir:

1. mismunandi flokkun flugskírteina, skilyrði fyrir útgáfu, að viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla skírteini, réttindi og skyldur handhafa skírteina og vottorða, skilyrði fyrir breytingu á gildandi innlendum flugmannsskírteinum og innlendum flugvélstjóráskírteinum yfir í flugmannsskírteini, sem og skilyrði fyrir samþykki flugskírteina frá löndum utan sambandsins;
2. löggildingu einstaklinga sem bera ábyrgð á að veita flugþjálfun eða þjálfun í flughermi og að meta hæfni flugmanna;
3. mismunandi heilbrigðisvottorð fyrir flugmenn, skilyrði fyrir útgáfu, að viðhalda, breyta, takmarka, ógilda tímabundið eða afturkalla heilbrigðisvottorð, réttindi og skyldur handhafa heilbrigðisvottorða sem og skilyrði fyrir breytingu á heilbrigðisvottorðum innanlands yfir í heilbrigðisvottorð sem eru almennt viðurkennd;
4. löggildingu fluglækna, sem og þær aðstæður sem heimila að heimilislæknir geti unnið störf fluglækna;
5. reglubundið mat fluglækna á áhafnarmedlimum, sem og hæfi þeirra sem eru ábyrgir fyrir því mati.“

2. Í 2. grein, kemur eftirfarandi í stað 4. og 5. liðar:
- “4. Skírteini eða heilbrigðisvottorð sem „uppfyllir JAR-skilyrði“ merkir flugskírteini og tengdar áritanir, vottorð, heimildir og/eða hæfi, eða heilbrigðisvottorð gefið út eða viðurkennt, í samræmi við landslöggjöf sem tekur til JAR og verklagsreglna, af hálfu aðildarríkis sem hefur samþykkt viðeigandi JAR og hefur hlotið gagnkvæma viðurkenningu innan flugöryggissamtaka Evrópu hvað varðar slíkt JAR;
 5. Skírteini eða heilbrigðisvottorð sem „uppfyllir ekki JAR-skilyrði“ merkir flugskírteini eða heilbrigðisvottorð sem er gefið út eða viðurkennt af hálfu aðildarríkis í samræmi við landslöggjöf og hefur ekki hlotið tilnefningu fyrir gagnkvæma viðurkenningu hvað varðar viðeigandi JAR;“
3. Í stað 3. greinar kemur eftirfarandi:

3. grein

Flugskírteini og heilbrigðisvottorð

Án þess að hafa áhrif á 7. grein, skulu flugmenn flugvéla sem tilgreindar eru í (b) og (c) lið 1. mgr. 4. gr. og 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 fylgja þeim tækniröfum og verklagsreglum sem eru í viðaukum I og IV.“

4. Eftirfarandi greinar bætast við:

„Grein 4a

Gildandi innlend heilbrigðisvottorð fyrir flugmenn

1. Heilbrigðisvottorð fyrir flugmenn sem uppfylla JAR-skilyrði og samþykki fluglækna sem eru gefin út eða viðurkennd af hálfu aðildarríkis áður en að reglugerð þessi tekur gildi skulu vera talin hafa verið gefin út í samræmi við reglugerð þessa.
2. Heilbrigðisvottorð fyrir flugmenn og samþykki fluglækna sem gefin eru út af aðildarríki áður en reglugerð þessi á við og uppfylla ekki JAR-skilyrði, skulu verið talin gild fram að þeim degi sem þau skulu næst vera endurfullgilt, að hámarki 5 ár eftir að reglugerð þessi á við, hvort heldur sem verður fyrst.
3. Framlenging skírteina sem tilgreind eru í 2. skulu vera í samræmi við ákvæðin í MED-hlutanum.

Grein 9a

Flugáhöfn

1. Áhöfn flugvéla sem tilgreindar eru í (b) og (c) lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 skulu fylgja tækniröfum og verklagsreglum sem settar eru upp í viðauka IV.
2. Niðurstöður læknisrannsókna eða mats á flugáhöfnum til að meta heilsufar þeirra til að geta innt af hendi skyldum sínum á grundvelli EU-OPS eða

sambærilegra krafna innanlands sem eru í gildi á þeim degi sem reglugerð þessi tekur gildi skulu vera í gildi út gildistímann:

- (a) ákveðið af þar til bæru stjórnvaldi á grundvelli EU-OPS; eða
- (b) eins og kveðið er á um í MED.D.005, hvort heldur sem kemur fyrst, talið frá þeim degi sem síðasta læknisrannsókn eða mat fór fram.“

5. Nýr viðauki IV eins og hann er settur fram í viðauka reglugerðar þessarar bætist við.

2. grein

Gildistaka

1. Reglugerð þessi skal taka gildi degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
Skal gilda frá og með 8. apríl, 2012
2. Með því að gera undanþágu frá 1. mgr., geta aðildarríki kosið að beita ekki ákvæðunum í kafla D í viðauka IV (heilsufar flugáhafna) fyrir en (2 árum eftir að reglugerð þessi tekur gildi).
3. Þegar aðildarríki nýtir sér ákvæðin í 2. mgr., skal það láta framkvæmdastjórnina og stofnunina vita. Tilkynningin skal lýsa réttlætingu fyrir slíkri undanþágu sem og áætlun fyrir framkvæmd sem felur í sér fyrirhugaðar aðgerðir og umrædda tímasetningu.

Reglugerð þessi skal vera bindandi í heild sinni og gilda án frekari lögfestingar í öllum aðildarríkjum.

Gert í Brussel, XXXX

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar
[...]
Framkvæmdastjóri

VIÐAUKI IV
AÐ FRAMKVÆMA REGLUGERÐ
HEILBRIGÐISHLUTI

UNDIRKAFLI A
ALMENNAR KRÖFUR

1. hluti

Almennt

MED.A.001 Lögbært stjórnvald

Vegna tilgangs þessa hluta, skal hið lögbæra stjórnvald vera:

- (a) fyrir fluglæknasetur:
 - (1) það stjórnvald sem aðildarríki útnefnir þar sem fluglæknasetrið hefur aðal starfsstöð sína.
 - (2) þar sem fluglæknasetrið er staðsett í löndum utan sambandsins, stofnunin;
- (b) fyrir fluglækna:
 - (1) það stjórnvald sem aðildarríki útnefnir þar sem fluglæknarnir hafa aðal starfsstöð sína.
 - (2) ef aðal starfsstöð fluglæknis er staðsett í landi utan sambandsins, stjórnvaldið sem aðildarríki útnefnir sem hann/hún sækir um að fá vottorðið útgefið hjá;
- (c) fyrir heimilislækna, það stjórnvald sem aðildarríki útnefnir og heimilislæknir tilkynnir starfsemi sína til;
- (d) fyrir trúnaðarlækna sem meta heilbrigði flugáhafna, það stjórnvald sem aðildarríki útnefnir þar sem meðlimur flugáhafnar eru staðsettur.

MED.A.005 Gildissvið

Þessi hluti setur skilyrði fyrir:

- (a) útgáfu, lögmæti, framlengingu og endurnýjun heilbrigðisvottorða sem krafist er til að geta nýtt þau réttindi sem flugskírteini eða flugnemaskírteini veitir;
- (b) heilbrigði flugáhafnar;
- (c) vottun fluglækna; og
- (d) hæfi heimilislækna og trúnaðarlækna.

MED.A.010 Skilgreiningar

Vegna tilgangs þessa hluta, skulu eftirfarandi skilgreiningar eiga við:

- „Viðurkennt læknismat“ merkir þá niðurstöðu sem einn eða fleiri læknar, sem eru metnir hæfir af leyfisfyfirvaldi, hafa komist að, með hlutlægum hætti og án mismununar, í viðeigandi tilgangi, í samráði við flugrekstarfélög eða aðra sérfræðinga eins og þörf er á;

- „Mat“ merkir niðurstöðu á heilbrigði einstaklings grundvallaða á mati á læknessögu einstaklingsins og/eða skoðun fluglæknis eins og krafist er í þessum hluta og öðrum rannsóknum eins og nauðsynlegt er, og/eða læknisprófunum eins og, en ekki takmarkað við, hjartalínurit, blóðþrýstingsmælingu, blóðprufu, röntgenmynd.
- „Litviss“ merkir getu umsækjanda til að greina þá liti sem notaðir eru í flugleiðsögn og að geta greint með réttum hætti liti þeirra ljósa sem notuð eru í flugi;
- „Augnsérfræðingur“ merkir augnlækni eða viðurkenndan sjóntækni sem er sérhæfður í að greina sjúkdómsástand.
- „Rannsókn“ merkir mat á sjúkdómsástandi hjá umsækjanda með skoðunum og prófunum til að leiða í ljós heilbrigði viðkomandi;
- „Leyfisyfirvald“ merkir lögbært stjórnvald aðildarríkis sem gaf út skírteinið, eða þangað sem einstaklingur sækir um útgáfu skírteinis, eða, þegar einstaklingur hefur ekki enn sótt um útgáfu skírteinis, lögbært stjórnvald í samræmi við þennan hluta;
- „Takmörkun“ merkir skilyrði sem sett er á heilbrigðisvottorð, skírteini eða læknesskýrslu flugáhafnar sem skal fara eftir á meðan farið er með þau réttindi sem skírteinið veitir, eða vottorð flugáhafnar;
- „Ljósbrots galli“ er skilgreindur sem frávik frá fullri sjónskerpu mældur í díoptríum í þeirri miðlínu þar sem ljósbrots skekkja er mest, mælt eftir stöðluðum aðferðum.

MED.A.015 Þagnarskylda lækna

Allir einstaklingar sem tengjast læknisrannsókn, mati og vottun skulu tryggja að þagnarskylda sé ætíð virt.

MED.A.020 Skert heilbrigði

- (a) Handhafar heilbrigðisvottorða skulu ekki neyta réttinda skírteina sinna, viðeigandi áritunar eða leyfis sé þeim kunnug um:
 - (1) einhverja skerðingu heilbrigðis síns sem gæti gert þá vanhæfa til að neyta þessara réttinda af öryggi;
 - (2) taka eða nota lyf sem fást með eða án lyfseðils, nema þeir séu fullkomlega vissir um að þau hafi ekki verkanir sem skerða hæfi þeirra til að neyta réttinda sinna með öruggum hætti;
 - (3) gangast undir lækni meðferð, skurðaðgerð eða aðra meðferð sem kann að hafa áhrif á flugöryggi.
- (b) Auk þess, skulu handhafar heilbrigðisvottorða, án óþarfrar tafar, leita til fluglæknis þegar þeir:
 - (1) hafa gengist undir skurðaðgerð eða inngrípsaðgerð;
 - (2) hafa byrjað að nota lyf reglulega;
 - (3) hafa orðið fyrir einhverju líkamstjóni sem veldur vanhæfni til að starfa sem meðlimur flugáhafnar;
 - (4) hafa fengið einhvern alvarlegan sjúkdóm sem veldur vanhæfni til að starfa í flugáhöfn;
 - (5) eru þungaðir;

- (6) hafa verið lagðir inn á sjúkrahús eða heilbrigðisstofnun;
 - (7) þurfa að nota linsur.
- (c) Í slíkum tilfellum:
- (1) skulu handhafar heilbrigðisvottorða í flokki 1 og flokki 2 leita ráða hjá fluglæknasetri eða fluglækni. Fluglæknasetrið eða fluglæknirinn skal meta heilbriggi leyfishafa og ákveða hvort hann sé hæfur til að njóta réttindanna áfram;
 - (2) handhafar LAPL heilbrigðisvottorða skulu leita ráða hjá fluglæknasetri eða fluglækni, eða þess heimilislæknis sem skrifaði undir heilbrigðisvottorðið. Fluglæknasetur, fluglæknir eða heimilislæknir skal meta heilbrigði handhafa og ákveða hvort hann sé hæfur til að neyta réttindanna áfram.
- (d) Áhafnarmeðlimir skulu ekki inna skyldum sínum af hendi um borð í flugvél og, þar sem við á, skulu ekki framkvæma störf sín á grunvelli vottorðs flugáhafnar þegar þeir eru meðvitaðir um að heilbrigði þeirra er skert, að því marki sem að þetta ástand kann að leiða til þess að þeir séu ófærir um að sinna skyldum sínum og ábyrgð;
- (e) Auk þess, ef um er að ræða heilbrigðisástand skilgreint í (b)(1) til (b)(5), skulu flugáhafnarmeðlimir, án óþarfur tafar, leita til fluglæknis, fluglæknaseturs, eða trúnaðarlæknis eins og við á. Fluglæknir, fluglæknasetur eða trúnaðarlæknir skulu meta heilbrigði áhafnarmeðlima og ákveða hvort þeir séu hæfir til að halda áfram að sinna öryggisskyldum sínum.

MED.A.025 Skyldur fluglæknaseturs, fluglæknis, heimilislæknis og trúnaðarlæknis

- (a) Þegar heilbrigðisskoðun og mat fer fram, skal fluglæknasetur, fluglæknir, heimilislæknir og trúnaðarlæknir:
- (1) tryggja að samskipti við einstaklinginn geti farið fram án tungumálaörðugleika;
 - (2) gera einstaklingnum ljósar afleiðingar þess að veita ófullnægjandi, ónákvæmar eða rangar upplýsingar um sjúkrasögu sína.
- (b) Að lokinni skoðun og mati fluglæknis, skulu fluglæknasetrið, fluglæknirinn, heimilislæknirinn og trúnaðarlæknirinn:
- (1) láta einstaklinginn vita hvort sem hann sé hæfur, óhæfur eða honum sé vísað til leyfisyfirvalda, fluglæknaseturs eða fluglæknis eins og við á;
 - (2) upplýsa viðkomandi um hvers kyns takmarkanir sem kunna að takmarka flugþjálfun eða réttindi skírteinis, eða vottun flugáhafnar eins og við á;
 - (3) ef viðkomandi hefur verið metinn óhæfur, að upplýsa þá um rétt til áfrýjunar; og
 - (4) þegar um er að ræða flugmenn, leggja fram án tafar undirritað, eða staðfest með rafrænum hætti, heildarskýrslu til leyfisyfirvalda með matsniðurstöðum og afrit af heilbrigðisvottorðinu.
- (c) Fluglæknamiðstöðvar, fluglæknar, heimilislæknar og trúnaðarlæknar skulu í samræmi við landslög halda utan um skrár með upplýsingum læknisskoðana og mata sem framkvæmd eru í samræmi við þennan hluta og niðurstöður þeirra.
- (d) Þegar þörf er á til að fá heildarsýn skulu fluglæknasetur, fluglæknar og heimilislæknar afhenda læknismatsmönnum lögbærs stjórnvalds að þeirra beiðni allar fluglæknisskrár og skýrslur, og allar aðrar upplýsingar sem máli skipta.

2. hluti

Kröfur fyrir heilbrigðisvottorð

MED.A.030 Heilbrigðisvottorð

- (a) Flugnemi skal ekki fljúga einn nema viðkomandi nemi hafi heilbrigðisvottorð, eins og krafist er fyrir viðeigandi skírteini.
- (b) Umsækjendur fyrir og handhafar takmarkaðs einkaflugsmannskírteinis (LAPL) skulu að minnsta kosti hafa LAPL heilbrigðisvottorð.
- (c) Umsækjendur fyrir og handhafar einkaflugmannsskírteinis (PPL), svifflugsskírteinis (SPL), eða loftbelgsskírteinis (BPL) skulu í það minnsta hafa heilbrigðisvottorð í flokki 2.
- (d) Umsækjendur fyrir og handhafar SPL eða BPL sem vinna með svifflug eða loftbelgi að atvinnu skulu í það minnsta hafa heilbrigðisvottorð í flokki 2.
- (e) Ef næturáritun er bætt við PPL eða LAPL, skal handhafinn vera litviss.
- (f) Umsækjendur fyrir og handhafar atvinnuflugmannsskírteinis (CPL), fjölstjórnarflugmannsskírteinis (MPL), eða ferjuflugmannsskírteinis (ATPL) skulu hafa heilbrigðisvottorð í flokki 1.
- (g) Ef blindflugsáritun er bætt við PPL, skal handhafi leyfis gangast undir heyrnamælingu með hreinum tón í samræmi við reglur og þann staðal sem krafist er af handhöfum heilbrigðisvottorðs í flokki 1.
- (h) Handhafi skal aldrei hafa fleiri en eitt útgefið heilbrigðisvottorð í samræmi við þennan hluta.

MED.A.035 Umsókn um heilbrigðisvottorð

- (a) Umsókn um heilbrigðisvottorð skal vera á eyðublaði frá lögbæru stjórnvaldi.
- (b) Umsækjendur heilbrigðisvottorða skulu, eins og við á, veita fluglæknasetrinu, fluglækninum eða heimilislækninum eftirfarandi:
 - (1) sanndeili á sér;
 - (2) undirritaða yfirlýsingu:
 - (i) um læknisupplýsingar hvað varðar sjúkrasögu þeirra;
 - (ii) hvort þeir hafi áður gengist undir skoðun til að fá heilbrigðisvottorð og, ef svo, hver framkvæmdi þá skoðun og hverjar voru niðurstöðurnar;
 - (iii) hvort þeir hafi einhvern tímann verið metnir sem óhæfir eða heilbrigðisvottorð þeirra hafi verið fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað.
- (c) Þegar sótt er um framlengingu eða endurnýjun heilbrigðisvottorðs, skulu umsækjendur leggja það fram til fluglæknasetursins, fluglæknisins eða heimilislæknisins áður en viðeigandi próf fara fram.

MED.A.040 Útgáfa, framlenging og endurnýjun heilbrigðisvottorða

- (a) Heilbrigðisvottorð skal aðeins vera gefið út, framlengt eða endurnýjað þegar nauðsynlegar læknisskoðanir hafa farið fram og hæfismat verið veitt.
- (b) *Fyrsta útgáfa*
 - (1) Fluglæknasetur skal gefa út heilbrigðisvottorð í flokki 1.
 - (2) Fluglæknasetur eða fluglæknir skal gefa út heilbrigðisvottorð í flokki 2.
 - (3) LAPL heilbrigðisvottorð skulu vera gefin út af hálfu fluglæknaseturs, fluglæknis eða, ef heimilt er samkvæmt landslögum leyfisyfirvalda, af hálfu heimilislæknis.
- (c) *Framlenging og endurnýjun*
 - (1) Fluglæknasetur eða fluglæknir skal framlengja eða endurnýja heilbrigðisvottorð í flokki 1 og flokki 2.
 - (2) LAPL heilbrigðisvottorð skulu vera gefin út af hálfu fluglæknaseturs, fluglæknis eða, ef heimilt er samkvæmt landslögum leyfisyfirvalda, af hálfu heimilislæknis.
- (d) Fluglæknasetrið, fluglæknir eða heimilislæknir skal einungis gefa út, framlengja eða endurnýja heilbrigðisvottorð ef:
 - (1) umsækjandi hefur veitt þeim sjúkrasögu sína í heild sinni og, ef fluglæknasetur, fluglæknir eða heimilislæknir krefst þess, niðurstöður læknisskoðana og prófa sem læknir umsækjanda eða annar heilbrigðissérfræðingur hefur framkvæmt.
 - (2) þeir hafa gengist undir mat fluglæknis á grundvelli læknisskoðana og prófa eins og krafist er fyrir umrætt heilbrigðisvottorð til að sanna að umsækjandi uppfylli öll viðeigandi skilyrði þessa hluta.
 - (3) Fluglæknirinn, fluglæknasetrið eða, þegar um er að ræða tilvísun, leyfisyfirvaldið getur krafist þess að umsækjandinn gangist undir aðrar læknisskoðanir og rannsóknir þegar klínísk ábending er um slíkt.
- (e) Leyfisyfirvald getur gefið út eða endurútfeljið heilbrigðisvottorð, eftir því sem við á, ef:
 - (1) máli er tilvísað;
 - (2) það hefur verið staðfest að nauðsynlegt sé að leiðrétta upplýsingar á vottorðinu.

MED.A.045 Gildistími, framlenging og endurnýjun heilbrigðisvottorða

- (a) *Gildistími*
 - (1) Heilbrigðisvottorð í flokki 1 skulu gilda í 12 mánuði.
 - (2) Gildistími heilbrigðisvottorða í flokki 1 skal vera lækkaður niður í 6 mánuði hvað varðar handhafa sem:
 - (i) flytja farþega í einstjórnarloftförum í flutningaflugi og eru orðnir 40 ára;
 - (ii) eru orðnir 60 ára.
 - (3) Heilbrigðisvottorð í flokki 2 skulu gilda í:
 - (i) 60 mánuði þar til handhafi heilbrigðisvottorðs verður 40 ára. Heilbrigðisvottorð sem gefið er út áður en 40 ára aldri er náð skal falla úr gildi eftir að handhafi nær 42 ára aldri;

- (ii) 24 mánuði frá 40 til 50 ára. Heilbrigðisvottorð sem gefið er út áður en viðkomandi verður 50 ára skal falla úr gildi eftir að handhafinn nær 51 árs aldri; og
- (iii) 12 mánuði eftir að 50 ára aldri er náð.
- (4) LAPL heilbrigðisvottorð skulu vera gild í:
 - (i) 60 mánuði þar til handhafi heilbrigðisvottorðs verður 40 ára. Heilbrigðisvottorð sem gefið er út áður en 40 ára aldri er náð skal falla úr gildi eftir að handhafi verður 42 ára;
 - (ii) 24 mánuði eftir að 40 ára aldri er náð.
- (5) Gildistími heilbrigðisvottorðs, ásamt öllum tengdum auknum skoðunum eða sérstökum rannsóknum, skal vera:
 - (i) ákveðinn eftir aldri umsækjanda á þeim degi sem heilbrigðisskoðun fer fram; og
 - (ii) reiknaður út frá þeim degi sem heilbrigðisskoðun fer fram þegar um er að ræða fyrstu útgáfu og endurnýjun, og frá lok gildistíma fyrra heilbrigðisvottorðs þegar um er að ræða framlengingu.

(b) *Framlenging*

Skoðanir fyrir framlengingu heilbrigðisvottorðs mega fara fram allt að 45 dögum áður en heilbrigðisvottorðið rennur út.

(c) *Endurnýjun*

- (1) Ef handhafi heilbrigðisvottorðs fellur ekki undir (b), skal krefjast skoðunar vegna endurnýjunar.
- (2) Þegar um er að ræða heilbrigðisvottorð í flokki 1 og flokki 2:
 - (i) ef heilbrigðisvottorðið hefur runnið út fyrir meira en 2 árum, skal fluglæknasetrið eða fluglæknirinn einungis framkvæma skoðun vegna endurnýjunar eftir að hafa metið fluglæknaskýrslur umsækjanda;
 - (ii) ef heilbrigðisvottorðið hefur runnið út fyrir meira en 5 árum, skulu kröfur um skoðun fyrir fyrstu útgáfu gilda og matið skal grundvallast á skilyrðum fyrir framlengingu.
- (3) Þegar um er að ræða LAPL heilbrigðisvottorð, skal fluglæknasetrið, fluglæknirinn eða heimilislæknirinn meta sjúkrasögu umsækjanda og framkvæma skoðun fluglæknis í samræmi við MED.B.095.

MED.A.050 Tilvísun

- (a) Ef umsækjandi fyrir heilbrigðisvottorð í flokki 1 eða flokki 2 er vísað til leyfisyfirvalda á grundvelli MED. B.001, skal fluglæknasetrið eða fluglæknirinn afhenda leyfisyfirvaldinu viðeigandi læknaskrár.
- (b) Ef umsækjandi fyrir LAPL heilbrigðisvottorð er vísað til fluglæknis eða fluglæknaseturs á grundvelli MED.B.001, skal heimilislæknir afhenda fluglæknasetrinu eða fluglækninum allar viðeigandi læknaskrár.

UNDIRKAFLI B

KRÖFUR FYRIR HEILBRIGÐISVOTTORÐ FLUGMANNA

1. hluti

Almennt

MED.B.001 Takmarkanir á heilbrigðisvottorðum

- (a) *Takmarkanir á heilbrigðisvottorðum í flokki 1 og flokki 2*
- (1) Ef umsækjandi uppfyllir ekki öll skilyrði fyrir viðeigandi flokk heilbrigðisvottorðs en er ekki talinn stofna flugöryggi í hættu, skal fluglæknasetur eða fluglæknir:
 - (i) þegar um er að ræða umsækjendur heilbrigðisvottorða í flokki 1, beina niðurstöðu um heilbrigði umsækjanda til leyfisfirvalda eins og gert er ráð fyrir í undirkafla B;
 - (ii) þegar tilvísunar til leyfisfirvalda er ekki getið í undirkafla B, skal meta hvort umsækjandi geti innt af hendi skyldur sínar með öryggum hætti þegar samþykkt er ein eða fleiri takmarkanir sem koma fram í heilbrigðisvottorðinu, og þá gefa út heilbrigðisvottorðið með þeim takmörkunum sem þörf krefur;
 - (iii) þegar umsækjendur heilbrigðisvottorða í flokki 2 er að ræða, skal meta hvort umsækjandi geti innt af hendi skyldur sínar með öryggum hætti þegar samþykkt er ein eða fleiri takmarkanir sem koma fram í heilbrigðisvottorðinu, og þá gefa út heilbrigðisvottorð með þeim takmörkunum sem þörf krefur í samráði við leyfisfirvöld;
 - (iv) Fluglæknasetrið eða fluglæknirinn getur framlengt eða endurnýjað heilbrigðisvottorð með sömu takmörkunum án þess að vísa umsækjandanum til leyfisfirvalda.
- (b) *Takmarkanir á LAPL heilbrigðisvottorðum*
- (1) Ef heimilislæknir, eftir að hafa skoðað vel sjúkrasögu umsækjanda, kemst að þeirri niðurstöðu að umsækjandi uppfylli ekki öll heilbrigðisskilyrði, skal heimilislæknirinn vísa umsækjandanum til fluglæknaseturs eða fluglæknis, þó ekki þeim sem þurfa eingöngu takmörkun vegna notkunar linsa.
 - (2) Ef umsækjanda LAPL heilbrigðisvottorðs hefur verið tilvísað, skal fluglæknasetrið eða fluglæknirinn veita MED.B.095 sérstaka athygli, meta hvort umsækjandi geti innt af hendi skyldum sínum með öryggum hætti þegar fylgt er einni eða fleiri takmörkunum á heilbrigðisvottorðinu og gefa út heilbrigðisvottorð með þeim takmörkunum sem þörf er á. Fluglæknasetrið eða fluglæknirinn skal ætíð meta þörfina á að reisa skorður við því að flugmaður fljúgi með farþega (OPL).
 - (3) Heimilislæknirinn getur framlengt gildistíma eða endurnýjað LAPL heilbrigðisvottorð með sömu takmörkunum án þess að vísa umsækjandanum til fluglæknaseturs eða fluglæknis.
- (c) Þegar metið er hvort takmörkun sé nauðsynleg, skal athuga sérstaklega:

- (1) hvort viðurkennt heilbrigðismat gefi til kynna að undir sérstökum kringumstæðum geti ástand umsækjanda verið slíkt að hann uppfylli ekki öll skilyrði, hvort heldur sem er tölulega eða með öðrum hætti, en að beiting þeirra réttinda sem skírteinið kveður á um sé ekki líklegt til að stofna flugöryggi í hættu;
 - (2) getu, kunnáttu og reynslu umsækjanda hvað varðar þá framkvæmd sem skal viðhafa.
- (d) *Reglur um takmarkanir í flugumhverfi*
- (1) Takmarkanir við fjölstjórnarumhverfi (OML – einungis 1. flokkur)
 - (i) Þegar handhafi CPL, ATPL eða MPL uppfyllir ekki öll skilyrði fyrir heilbrigðisvottorð í flokki 1 og hefur verið vísað til leyfisyfirvalda, skal það meta hvort gefa megi heilbrigðisvottorðið út með OML „gildir einungis sem aðstoðarflugmaður eða með aðstoðarflugmanni með réttindi.“
 - (ii) Handhafi heilbrigðisvottorðs með OML skal aðeins fljúga flugvél þar sem annar flugmaður er einnig um borð þegar hinn flugmaðurinn er að fullu hæfur til að fljúga viðeigandi tegund flugvélar, er ekki háður takmörkunum OML og hefur ekki náð 60 ára aldri.
 - (iii) OML fyrir heilbrigðisvottorð í flokki 1 skal einungis gefið út og afnumið af hálfu leyfisyfirvalds.
 - (2) Takmarkanir vegna kröfu um öryggisflugmann (OSL – einungis 2. flokkur, LAPL)
 - (i) Handhafi heilbrigðisvottorðs með OSL takmörkun skal aðeins fljúga flugvél ef annar flugstjóri sem er að fullu hæfur til að starfa sem flugstjóri á viðeigandi flokki eða tegund flugvélar er um borð, flugvélin er búin tvöföldum stjórnbúnaði og hinn flugstjórinn situr í sæti við stjórnbúnaðinn.
 - (ii) Aðeins fluglæknasetur eða fluglæknir í samráði við leyfisyfirvald má leggja á eða fjarlægja OSL fyrir heilbrigðisvottorð í flokki 2.
 - (3) Takmarkanir vegna flugs án farþega (OPL - einungis 2. flokkur 2 og LAPL)
 - (i) Handhafi heilbrigðisvottorðs með OPL takmörkun skal einungis fljúga flugvél sem er án farþega.
- (e) Allar aðrar takmarkanir má leggja á handahafa heilbrigðisvottorðs ef það er talið nauðsynleg til að tryggja flugöryggi.
- (f) Hver sú takmörkun sem lögð er á handhafa heilbrigðisvottorðs skal vera tilgreind þar.

2. hluti

Heilbrigðiskröfur fyrir heilbrigðisvottorð í flokki 1 og flokki 2

MED.B.005 Almennt

- (a) Umsækjendur heilbrigðisvottorðs skulu vera án:
- (1) frábrigða, meðfæddra eða áunnina;
 - (2) virks, dulins, bráðs eða langvinnns sjúkdóms eða fötlunar;
 - (3) sára, áverka eða afleiðinga í kjölfar aðgerðar;
 - (4) áhrifa eða hliðarverkana vegna lyfja sem tekin eru vegna meðferðar, sjúkdómsgreiningar eða forvarna, hvort heldur sem eru lyfseðilsskyld eða ekki;

sem myndu að einhverju leyti valda vangetu sem er líkleg til að hafa áhrif á að geta innt af hendi með öruggum hætti þau réttindi sem felast í viðeigandi skírteini eða gætu haft þau áhrif á umsækjanda að hann geti skyndilega orðið ófær um að inna þau réttindi af hendi með öruggum hætti.

MED.B.010 Hjarta- og æðakerfi

(a) Skoðun

- (1) Staðlað 12-leiðara hvíldarhjararafrit (ECG) ásamt aflestri skal gert ef klínísk ábending er fyrir hendi, og:
 - (i) hvað varðar heilbrigðisvottorð í flokki 1, við skoðun fyrir fyrstu útgáfu heilbrigðisvottorðs, svo á 5 ára fresti til 30 ára aldurs, annað hvert ár þar til 40 ára aldri er náð, árlega fram til 50 ára, og eftir það við allar skoðanir sem gerðar eru vegna framlengingar eða endurnýjunar;
 - (ii) hvað varðar heilbrigðisvottorð í flokki 2, við fyrstu skoðun eftir 40 ára aldur og eftir það annað hvert ár eftir 50 ára aldur.
- (2) Frekara mats á hjarta- og æðakerfinu skal vera krafist þegar klínískar ábendingar gefa slíkt til kynna.
- (3) Hvað varðar heilbrigðisvottorð í flokki 1, skal frekara mat á hjarta- og æðakerfinu fara fram við fyrstu skoðun vegna framlengingar eða endurnýjunar eftir 65 ára aldur og á 4 ára fresti eftir að.
- (4) Hvað varðar heilbrigðisvottorð í flokki 1, skal krefjast athugunar á blóðfitu, þar á meðal kólesteróls, við skoðun fyrir fyrstu útgáfu heilbrigðisvottorðs, og við fyrstu skoðun eftir að 40 ára aldri hefur verið náð.

(b) Hjarta- og æðakerfi - Almenn

- (1) Umsækjendur skulu ekki þjást af neinum hjarta- og æðasjúkdómum, sem eru líklegir til að hafa áhrif á að þau réttind sem felast í viðeigandi skírteini/um séu innt af hendi með öruggum hætti.
- (2) Umsækjendur heilbrigðisvottorðs í flokki 1 sem haldnir eru einhverjum af eftirtöldum sjúkdómum skulu vera metnir sem vanhæfir:
 - (i) slagæðargúlp í brjóstholi eða í ósæðinni, fyrir eða eftir aðgerð;
 - (ii) talsverða óeðlilega starfsemi í einhverri hjartalokunni;
 - (iii) hjarta eða hjarta/lungna ígræðslu.
- (3) Umsækjendur heilbrigðisvottorðs í flokki 1 með sjúkrasögu eða greiningu einhverra eftirfarandi sjúkdóma skal vera vísað til leyfisyrivalda:
 - (i) æðasjúkdóma fyrir eða eftir skurðaðgerð;
 - (ii) slagæðargúlp í kviðhluta ósæðar, fyrir eða eftir skurðaðgerð;
 - (iii) smávægilegan hjartalokugalla;
 - (iv) eftir hjartalokuaðgerð;
 - (v) galli í gollurshúsi, hjartavöðva eða hjartabeli;
 - (vi) meðfæddur hjartagalli, fyrir eða eftir leiðréttingaraðgerð;
 - (vii) endurtekið æðavíkkunaraðsvif;

- (viii) blóðtappi í slagæð eða bláæð;
- (ix) lungnablóðtappi;
- (x) hjarta- og æðasjúkdómur sem krefst altæktrar meðferðar gegn blóðtappa.

(4) Umsækjendur heilbrigðisvottorðs í flokki 2 með skráða greiningu á einum þeirra sjúkdóma sem tilgreindir eru í (2) og (3) að ofan skulu vera metnir af hjartasérfræðingi og í samráði við leyfisyfirvöld áður en heilbrigðissmat getur farið fram.

(c) *Blóðþrýstingur*

- (1) Blóðþrýstingur skal vera skráður í hverri skoðun.
- (2) Blóðþrýstingur umsækjanda skal vera innan eðlilegra marka.
- (3) Umsækjendur heilbrigðisvottorðs í flokki 1:
 - (i) með einkennandi lágþrýsting; eða
 - (ii) sem hafa blóðþrýsting sem er stöðugt yfir 160mmHg slagþrýstingi og/eða 95mmHg þanþrýstingi, með eða án meðferðarskulu vera metnir sem vanhæfir.
- (4) Við upphaf lyfjameðferðar til að stjórna blóðþrýstingi þarf að nema heilbrigðisvottorð úr gildi um tíma til að ganga úr skugga um að engar hliðarverkanir sem máli skipta séu fyrir hendi.

(d) *Kransæðasjúkdómur*

- (1) Umsækjendur heilbrigðisvottorðs í flokki 1 með:
 - (i) grun um hjartablóðþurrð;
 - (ii) einkenni minniháttar kransæðasjúkdóm sem krefst ekki meðferðar gegn hjartaöng;skal vera vísað til leyfisyfirvalda og gangast undir hjarta- og æðamat til að útiloka hjartablóðþurrð áður en að heilsufarsmat getur farið fram.
- (2) Umsækjendur heilbrigðisvottorðs í flokki 2 sem haldnir eru einhverjum þeim sjúkdómum sem taldir eru upp í (1) skulu gangast undir hjartapróf áður en heilbrigðissmat getur farið fram.
- (3) Umsækjendur sem haldnir eru einhverjum af eftirfarandi sjúkdómum skulu vera metnir sem vanhæfir:
 - (i) hjartablóðþurrð;
 - (ii) einkennandi kransæðasjúkdómar;
 - (iii) einkenni kransæðasjúkdóma sem meðhöndluð eru með lyfjum.
- (4) Umsækjendur sem sækja um heilbrigðisvottorðs í flokki 1 í fyrsta skipti og eru með sögu um eða hafa verið greindir með einhvern eftirtalinna sjúkdóma skal vera metinn sem vanhæfur:
 - (i) hjartablóðþurrð;
 - (ii) hjartastíflu;
 - (iii) kransæðavíkkun.

- (5) Umsækjendur heilbrigðisvottorðs í flokki 2 eru einkennalausir eftir hjartastíflu eða uppskurð vegna kransæðasjúkdóms skulu standast með fullnægjandi hætti hjarta- og æðamat áður en heilbrigðismat getur farið fram í samráði við leyfisyfirvald. Umsækjendur fyrir framlengingu heilbrigðisvottorðs í flokki 1 skal vera vísað til leyfisyfirvalds.

(e) *Truflanir á slætti/leiðni*

- (1) Umsækjendur heilbrigðisvottorðs í flokki 1 skal vera vísað til leyfisyfirvalds þegar þeir hafa talsverðar truflanir í hjartaleiðni eða hjartslætti, þar á meðal eitthvert eftirfarandi:

- (i) truflun í slætti ofan slegils, til dæmis með hléum eða truflun á gúl, titringum í gáttum og/eða flökt og einkennandi hjartsláttarhlé;
- (ii) algert vinstra greinrof
- (iii) Motiz tegund 2 leiðslurof;
- (iv) hraðsláttur með gleiðri og/eða mjórri bylgjumynd;
- (v) slegilforörvun;
- (vi) einkennalaus lenging QT bils;
- (vii) Brugada heilkenni á hjartalínuriti.

- (2) Umsækjendur heilbrigðisvottorðs í flokki 2 sem haldnir eru einhverjum þeim sjúkdómum sem taldir eru upp í (1) skulu standast kransæðranssókn áður en heilbrigðismat í samráði við leyfisyfirvald getur farið fram.

- (3) Umsækjendur sem haldnir eru einhverju af eftirfarandi:

- (i) minniháttar greinrofi;
- (ii) fullkomnu hægri greinrofi;
- (iii) stöðugu vinstra fráviki meðalrafáss hjartans umfram normalmörk;
- (iv) einkennalausum hægslætti;
- (v) einkennalausum hraðtakti;
- (vi) einkennalausum, einangruðum og einsleitum aukaslögum (ofan slegils eða frá slegli)
- (vii) fyrsta stigs gáttasleglarofi;
- (viii) Mobitz tegund 2 leiðlurofi;

geta verið taldir hæfir séu aðrir gallar ekki til staðar og standist þeir hjarta- og æðamat.

- (4) Umsækjendur sem eiga sögu um:

- (i) brennslumeðferð;
- (ii) gangráð í hjarta;

skulu standast með fullnægjandi hætti hjarta- og æðamat áður en að heilbrigðismat getur farið fram. Umsækjendum um heilbrigðisvottorð í flokki 1 skal vísað til leyfisyfirvalds. Umsækjendur heilbrigðisvottorðs í flokki 2 skulu vera metnir í samráði við leyfisyfirvald.

- (5) Umsækjendur sem haldnir eru einhverjum af eftirfarandi sjúkdómum skulu vera metnir sem óhæfir:
- (i) einkennandi gúls- og gáttartruflunum;
 - (ii) algjöru leiðslurofi;
 - (iii) einkennandi lengingu QT bils;
 - (iv) sjálfvirku ígræddu rafstuðtæki;
 - (v) gangráði með sleglaleiðslu gegn hraðslætti.

MED.B.015 Öndunarkerfi

- (a) Umsækjendur sem haldnir eru töluverðri skerðingu í lungnastarfsemi skulu vera metnir óhæfir. Heilbrigðismat má fara fram þegar lungnastarfsemin hefur lagast og er orðin viðunandi.
- (b) Til að öðlast heilbrigðisvottorð í flokki 1, verða umsækjendur að gangast undir lungnapróf við fyrstu skoðun og þegar klínísk ábending er fyrir hendi.
- (c) Til að öðlast heilbrigðisvottorð í flokki 2, verða umsækjendur að gangast undir lungnapróf þegar klínísk ábending er fyrir hendi.
- (d) Umsækjendur með sögu eða staðfesta greiningu á:
- (1) asma sem þarfnast lyfjameðferðar;
 - (2) virkum bólgusjúkdómi í öndunarfærum;
 - (3) virku sarklíki;
 - (4) loftbrjósti;
 - (5) kæfisvefni;
 - (6) meiriháttar brjóstholsaðgerð;
 - (7) lungnanámi;
- skulu gangast undir öndunarpróf með fullnægjandi árangri áður en að heilbrigðismat getur farið fram. Umsækjendur með staðfesta greiningu á þeim sjúkdómum sem tilgreindir eru í (3) og (5) skulu standast viðunandi hjarta- og æðapróf áður en að heilbrigðismat getur farið fram.
- (e) Mat fluglæknis:
- (1) umsækjendur heilbrigðisvottorðs í flokki 1 sem eru haldnir eru einhverjum af þeim sjúkdómum sem tilgreindir eru í (d) að ofan skal vera vísað til leyfisvafirvalds;
 - (2) umsækjendur heilbrigðisvottorðs í flokki 2 sem eru haldnir eru einhverjum af þeim sjúkdómum sem tilgreindir eru í (d) skulu vera metnir í samráði við leyfisvafirvald;
- (f) Umsækjendur heilbrigðisvottorðs í flokki 1 sem hafa gengist undir heildar lungnanám skulu vera metnir sem óhæfir.

MED.B.020 Meltingarkerfi

- (a) Umsækjendur skulu ekki vera með neina starfræna eða vefræna sjúkdóma í maga eða görnun eða viðhengjum þeirra sem líklegt er að koma í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti.

- (b) Umsækjendur með einhverjar afleiðingar sjúkdóms eða skurðaðgerðar á hlutum meltingarvegs eða viðhengjum hans sem líklegt er að valda óstarfhæfi í flugi, einkum allar hindranir vegna þrengsla eða samþjöppunar skulu ekki metnir hæfir.
- (c) Umsækjendur skulu vera fullkomlega laus við kviðslit af því tagi sem kynni að valda einkennum sem leiða til óstarfhæfi.
- (d) Umsækjendur sem haldnir eru sjúkdómum í meltingarkerfinu þar á meðal:
 - (1) ítrekaðum meltingartruflunum sem krefjast lyfja;
 - (2) briskirtilsbólgu;
 - (3) bera vott um gallsteina;
 - (4) staðfesta sjúkdómsgreiningu um eða klíníska greiningu á langvinnum bólgusjúkdómi í þörmum;
 - (5) gengist undir skurðaðgerð á meltingarvegi eða viðhengjum hans, sem felur í sér að einhver þessara líffæra eru fjarlægð að fullu eða að hluta;
 skulu metnir vanhæfir. Hæfismat má gera eftir árangursríka meðferð eða eftir að fullum bata hefur verið náð í kjölfar skurðaðgerðar og að fullnægjandi mat á meltingarkerfinu hefur farið fram.
- (e) Mat fluglæknis:
 - (1) umsækjendur heilbrigðisvottorðs í flokki 1 sem haldnir eru einhverjum af þeim sjúkdómum sem tilgreindir eru í (2), (4) og (5) skal vera vísað til leyfisfirvalds;
 - (2) heilbrigði umsækjenda í flokki 2 með briskirtilsbólgu skal vera metið í samráði við leyfisfirvöld.

MED.B.025 Efnaskipta- og innkirtlasjúkdómar

- (a) Umsækjendur skulu ekki vera með neina starfæna eða vefræna efnaskipta-, næringar- eða innkirtlasjúkdóma sem eru líklegir til að koma í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti.
- (b) Umsækjendur með efnaskipta-, næringar- eða innkirtlavanvirkni má meta sem hæfa eftir hversu stöðugt ástandið er og að mat fluglæknis er fullnægjandi.
- (c) *Sykursýki*
 - (1) Umsækjendur með sykursýki sem krefst insúlín skal meta vanhæfa.
 - (2) Umsækjendur með sykursýki sem krefst ekki insúlín skulu metnir vanæfir nema hægt sé að sýna fram á að jafnvægi í blóðsykri hafi verið náð.
- (d) Mat fluglæknis:
 - (1) umsækjendur heilbrigðisvottorðs í flokki 1 sem þurfa önnur lyf en insúlín til að stjórna blóðsykrinum skal vísað til leyfisfirvalda;
 - (2) heilbrigði umsækjenda í flokki 2 sem þurfa önnur lyf en insúlín til að stjórna blóðsykrinum skal vera metið í samráði við leyfisfirvöld.

MED.B.030 Blóðsjúkdómafræði

- (a) Umsækjendur skulu ekki vera með blóðsjúkdóm sem er líklegur til að koma í veg fyrir að hann geti neytt réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti.

- (b) Fyrir heilbrigðisvottorð í flokki 1, skal blóðrauði prófaður við hverja skoðun vegna útgáfu heilbrigðisvottorðs.
- (c) Umsækjendur með blóðsjúkdóm, eins og:
 - (1) storknunarbreist, blæðingarsjúkdóm eða blóðtappa;
 - (2) krónískt hvítblæði;
 geta verið metnir hæfir í kjölfar fullnægjandi mats fluglæknis.
- (d) Mat fluglæknis:
 - (1) umsækjendur heilbrigðisvottorðs í flokki 1 sem eru haldnir einhverjum af þeim sjúkdómum sem tilgreindir eru í (c) að ofan skal vera vísað til leyfisyrivalds;
 - (2) heilbrigði umsækjenda í flokki 2 sem haldnir eru einhverjum þeim sjúkdómum sem tilgreindir eru í (c) hér að ofan skulu metnir í samráði við leyfisyrivöld.
- (e) Umsækjendur í flokki 1 sem haldnir eru einhverjum þeim blóðsjúkdómum sem tilgreindir eru hér að neðan skal vísað til leyfisyrivalds:
 - (1) óeðlilegan blóðrauða, þar á meðal, en ekki einskorað við blóðleysi, rauðkornadreyra eða blóðrauðakvilla;
 - (2) marktæka stækkun á eitlum;
 - (3) stækkun á milta.

MED.B.035 Þvagkerfi

- (a) Umsækjendur skulu ekki vera með starfrænan eða vefrænan sjúkdóm í þvagkerfi eða viðhengjum þess sem er líklegur til að koma í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti.
- (b) Þvagranssókn skal vera hluti af öllum læknisskoðunum sem fluglæknir framkvæmir. Í þvagini skulu ekki vera nein efni sem benda til sjúkdóma.
- (c) Umsækjendur með eftirstöðvar sjúkdóms eða skurðaðgerðar í nýrum eða þvagvegi sem eru líklegar til að valda óstarfhæfni, einkum hindranir vegna þrengsla eða samþjöppunar skal meta vanhæfa.
- (d) Umsækjendur með þvagfærasjúkdóma, eins og:
 - (1) nýrnasjúkdóma;
 - (2) einn eða fleiri þvagfærasteinna, eða hafa fengið nýrnasteina;
 geta verið metnir hæfir í kjölfar fullnægjandi nýrna/þvagfæramats.
- (e) Umsækjendur sem hafa gengist undir meiriháttar skurðaðgerð á þvagvegi eða þvagfærum sem felur í sér abrottnám að fullu eða hluta eða hjáveitu einhvers þessara líffæra, skulu vera metnir vanhæfir og endurmetnir eftir að fullum bata hefur verið náð áður en að heilbrigðismat getur farið fram. Þegar um er að ræða umsækjendur heilbrigðisvottorðs í flokki 1, skal endurmatið vera framkvæmt af hálfu leyfisyrivalds.

MED.B.040 Smitsjúkdómar

- (a) Umsækjendur skulu ekki vera með staðfesta sjúkrasögu um eða klíníska greiningu á smitsjúkdómi sem er líklegur til að koma í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti.
- (b) Umsækjendur sem eru HIV jákvæðir geta verið metnir hæfir í kjölfar fullnægjandi mats fluglæknis. Umsækjendum um heilbrigðisvottorð í flokki 1 skal vera vísað til leyfisfirvalds.

MED.B.045 Kvensjúkdóma- og fæðingarfræði

- (a) Umsækjendur skulu ekki vera með starfrænan eða vefrænan fæðingar- eða kvensjúkdóm sem líklegt er að komi í veg fyrir að þær geti neytt réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti.
- (b) Umsækjendur sem hafa gengist undir meiriháttar kvensjúkdómaáðgerð skulu ekki vera metnar hæfar þar til að fullum bata hefur verið náð.
- (c) *Þungun*
 - (1) Þegar um er að ræða þungun, og fluglæknasetur eða fluglæknir telur að handhafi sé hæfur til að neyta réttinda sinna, skal hann/hún takmarka gildistíma heilbrigðisvottorðsins fram til loka 26. viku meðgöngunnar. Eftir þann tíma, skal vottorðið vera fellt tímabundið úr gildi. Hinni tímabundnu ógildingu skal vera aflétt þegar fullri heilsu hefur verið náð á ný við lok meðgöngu.
 - (2) Handhafar heilbrigðisvottorða í flokki 1 skulu aðeins neyta réttinda sinna sem skírteini þeirra veitir til 26. viku meðgöngu með takmörkunum við fjölstjórnarumhverfi (OML). Þrátt fyrir MED.B.001, getur fluglæknasetur eða fluglæknir í slíkum tilfellum lagt á eða fjarlæggt takmarkanir við fjölstjórnarumhverfi (OML).

MED.B.050 Kröfur til vöðva- og beinagrindar

- (a) Umsækjendur skulu ekki hafa neina galla í beinum, liðum, vöðvum eða sinum, meðfædda eða ákomna, sem líklegt er að komi í veg fyrir að hann geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis með öruggum hætti.
- (b) Umsækjandi skal nægilega sitjandi hæð, lengd handleggja og fótleggja og vöðvastyrk til að neyta réttinda viðeigandi skírteinis með öruggum hætti.
- (c) Umsækjandi skal hafa fullnægjandi starfræn not vöðva- og beinakerfis til að neyta réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti. Heilbrigði umsækjenda skal vera ákveðið í samráði við leyfisfirvald.

MED.B.055 Geðfræðilegar kröfur

- (a) Umsækjendur skulu ekki hafa staðfesta sjúkrasögu eða klíníska greiningu á geðrænum sjúkdómi eða fötlun, ástandi eða óreglu, bráðum eða langvinnum, meðfæddum eða ákomnum, sem líklegt er að komi í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti.
- (b) Umsækjendur með andlega röskun eða hegðunarröskun vegna notkunar áfengis eða annarra geðvirkra efna, hvort sem um fíkn er að ræða eða ekki, skulu vera metnir vanhæfir á meðan bata er náð og afvötnun vegna lyfja stendur yfir og að því tilskyldu að

fullnægjandi geðmat fáist eftir árangursríka meðferð. Umsækjendur heilbrigðisvottorðs í flokki 1 skal vera vísað til leyfisyfirvalds. Heilbrigði umsækjenda í flokki 2 skal vera ákveðið í samráði við leyfisyfirvald.

- (c) Umsækjendur með geðsjúkdóm, eins og:
- (1) lyndisröskun;
 - (2) hugröskun;
 - (3) persónuleikaröskun;
 - (4) andlega röskun eða hegðunarröskun;
- skulu gangast undir fullnægjandi geðmat áður en að heilbrigðismat getur farið fram.
- (d) Umsækjendur með sögu um einstök eða endurtekin tilvik um sjálfsskaða af ásettu ráði skulu vera metnir vanhæfir. Umsækjendur skulu gangast undir fullnægjandi geðmat áður en að heilbrigðismat getur farið fram.
- (e) Mat fluglæknis:
- (1) umsækjendur um heilbrigðisvottorð í flokki 1 sem eru haldnir einhverjum af þeim sjúkdómum sem tilgreindir eru í (b), (c) eða (d) að ofan skal vísað til leyfisyfirvalds;
 - (2) heilbrigði umsækjenda í flokki 2 sem haldnir eru einhverjum þeim sjúkdómum sem tilgreindir eru í (b), (c) eða (d) að ofan skulu vera metnir í samráði við leyfisyfirvöld.
- (f) Umsækjendur með skráða sjúkrasögu um eða klíníska greiningu á geðklofa, geðklofalíkri persónuleikaröskun eða hugvilluröskun skulu vera metnir vanhæfir.

MED.B.060 Sálfræðilegar kröfur

- (a) Umsækjendur skulu ekki vera með neina staðfesta sálfræðilega kvilla sem líklegt er að komi í veg fyrir að réttinda viðeigandi skírteina verði neytt með öruggum hætti.
- (b) Krefjast má sálfræðilegs mats sem hluta af, eða sem viðbót við, geðfræðilega eða taugafræðilega skoðun sérfræðings.

MED.B.065 Taugafræðilegar kröfur

- (a) Umsækjendur skulu ekki hafa staðfesta sjúkrasögu um eða klíníska greiningu á taugasjúkdómi sem líklegt er að komi í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti.
- (b) Umsækjendur með skráða sögu um eða klíníska greiningu á:
 - (1) flogaveiki;
 - (2) endurteknum tilfellum þar sem þeir missa meðvitund oftár en einu sinni af óþekktum ástæðum;skulu vera metnir vanhæfir.
- (c) Umsækjendur með staðfesta sögu um eða klíníska greiningu á:
 - (1) flogakasti sem ekki hefur endurtekið sig eftir 5 ára aldur;
 - (2) flogakasti sem hefur ekki endurtekið sig í 10 ár án meðferðar;
 - (3) flogaveikilegum köstóttum frábrigðum á heilaafriti og staðbundnum hægum bylgjum;

- (4) sjúkdómi í taugakerfinu sem kann að ágerast eða er óbreyttur;
- (5) einu tilfelli þar sem þeir hafa misst meðvitund af óþekktum ástæðum;
- (6) meðvitundartapi vegna höfuðmeiðsla ;
- (7) innsæknu heilameiðsli;
- (8) meiðslum á mænu eða úttaugum;

skulu gangast undir frekara mat áður en að heilbrigðismat getur farið fram. Umsækjendur heilbrigðisvottorðs í flokki 1 skal vera vísað til leyfisyfirvalds. Heilbrigði umsækjenda í flokki 2 skal vera ákveðið í samráði við leyfisyfirvald.

MED.B.070 Augnfræðilegar kröfur

- (a) Umsækjendur skulu ekki vera með galla á virkni augna eða viðhengja þeirra eða sjúklegt ástand, meðfætt eða ákomið, brátt eða langvinnt, eða eftirstöðvar augnaðgerðar eða meiðsli sem líklegt er að komi í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi **skírteina** með öruggum hætti.
- (b) Skoðun
 - (1) Fyrir heilbrigðisvottorð í flokki 1:
 - (i) ítarleg augnskoðun skal vera hluti af fyrstu skoðun og fara fram reglulega eftir því hvernig ljósbrot og virkni augans er; og
 - (ii) reglubundin augnskoðun skal vera hluti af framlengingu og endurnýjun prófa.
 - (2) Fyrir heilbrigðisvottorð í flokki 2:
 - (i) reglubundin augnskoðun skal vera hluti af fyrstu skoðuninni sem og öllum öðrum skoðunum sem gerðar eru vegna framlengingar og endurnýjunar; og
 - (ii) ítarleg augnskoðun skal fara fram þegar klínísk ábending er fyrir hendi.
- (c) Fjarlægðarsjónskerpa, með eða án leiðréttingar, skal vera:
 - (1) hvað varðar heilbrigðisvottorð í flokki 1, 6/9 (0,7) eða betra á hverju auga fyrir sig og sjón með báðum augum skal vera 6/6 (1,0) eða betri;
 - (2) hvað varðar heilbrigðisvottorð í flokki 2, 6/12 (0,5) eða betra á hverju auga fyrir sig og sjón með báðum augum skal vera 6/9 (0,7) eða betri. Umsækjandi sem er ekki með fullnægjandi sjón á öðru auga getur verið metinn sem hæfur í samráði við leyfisyfirvöld í kjölfar fullnægjandi mats augnlæknis;
 - (3) umsækjendur fyrir fyrsta heilbrigðisvottorð í flokki 1 með skerta sjón á öðru auga skal vera metinn óhæfur. Við framlengingu, skal vísa umsækjendum með skerta sjón á öðru auga til leyfisyfirvalda og geta verið metnir sem hæfir ef það er ólíklegt að það hafi áhrif á að réttindi handhafa verði innt af hendi með öruggum hætti.
- (d) Umsækjandi skal geta lesið N5 spjald (eða sambærilegt) í 30-50 sm og N14 spjald (eða sambærilegt) í 100 sm, með gleraugum, ef þeirra er þörf.
- (e) Umsækjendur fyrir heilbrigðisvottorð í flokki 1 skulu hafa eðlilega sjón og eðlilegt heildarsjónsvið.
- (f) Umsækjendur sem hafa gengist undir augnaðgerð geta verið metnir sem hæfir í kjölfar fullnægjandi mats augnlæknis.

- (g) Umsækjendur sem greindir hafa verið með keiluglæru geta verið metnir sem hæfir í kjölfar fullnægjandi skoðunar hjá augnlækni. Umsækjendur heilbrigðisvottorðs í flokki 1 skal vera vísað til leyfisyfirvalds.
- (h) Umsækjendur með:
 - (1) sjónskekkju;
 - (2) sjónlagsmun;
 geta verið metnir sem hæfir í kjölfar fullnægjandi mats augnlæknis.
- (i) Umsækjendur með tvísýni skulu vera metnir óhæfir.
- (j) *Gleraugu og snertilinsur*. Ef rétt sjón færst aðeins með því að nota hjálpartæki:
 - (1) (i) fyrir fjarsýni, skulu gleraugu eða snertilinsur vera notaðar á meðan réttindin eru innt af hendi sem felast í viðeigandi skírteini;
 - (ii) fyrir nærsýni, skulu alltaf vera til taks gleraugu þegar réttindi samkvæmt skírteini eru innt af hendi;
 - (2) aukasett af sambærilegum gleraugum skulu vera til takst til notkunar á meðan réttindi eru innt af hendi sem felast í viðkomandi skírteini;
 - (3) gleraugun skulu veita góða sjón, vera vel þolanleg og hæf fyrir flug ;
 - (4) ef snertilinsur eru notaðar, skulu þær vera fyrir fjarsýni, tvísýni, ólitaðar og vel þolanlegar;
 - (5) umsækjendur með mikla ljósbrotsskekkju skulu nota snertilinsur eða þunn gler.
 - (6) ekki skulu vera notuð fleiri en ein gleraugu til að mæta sjónkröfum;
 - (7) harðar linsur skulu ekki vera notaðar.

MED.B.075 Litasjón

- (a) Umsækjendur skulu vera krafdir um að sýna hæfni til að skilja vel litina sem eru nauðsynlegir til að inna störfum örugglega af hendi.
- (b) *Skoðun*
 - (1) Umsækjendur skulu standast Ishihara prófið við fyrstu útgáfu heilbrigðisvottorðs.
 - (2) Umsækjendur sem standast ekki Ishihara prófið skulu gangast undir frekara litaskynjunarpróf til að ganga úr skugga um hvort þeir séu litblindir eða ekki.
- (c) Þegar um er að ræða heilbrigðisvottorð í flokki 1, skulu umsækjendur hafa eðlilega litaskynjun eða vera ekki litblindir. Umsækjendur sem standast ekki frekara litaskynjunarpróf skulu vera metnir óhæfir. Umsækjendum um heilbrigðisvottorð í flokki 1 skal vísað til leyfisyfirvalds.
- (d) Hvað varðar heilbrigðisvottorð í flokki 2, skulu réttindi hans/ hennar vera takmörkuð við dag tíma þegar umsækjandi hefur ekki fulla litaskynjun.

MED.B.080 Háls- nef og eyrnafræðilegar kröfur

- (a) Umsækjendur skulu ekki vera með neina galla á starfsemi eyrna, nef, hola eða háls, að meðtöldu munnholi, tönnum og barka, eða neitt virkt sjúklegt ástand, meðfætt eða ákomið, brátt eða langvinnt, eða einhver eftirköst skurðaðgerðar eða meiðsla sem líklegt er að komi í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis með öruggum hætti.

- (b) Heyrn skal vera fullnægjandi til að nýting réttinda viðeigandi skírteinis sé með öruggum hætti.
- (c) *Skoðun*
- (1) Heyrn skal vera prófuð við allar skoðanir.
 - (i) Þegar um er að ræða heilbrigðisvottorð í flokki 1 og flokki 2, þegar bæta á blindflugsáritun við skírteini, skal fara fram heyrnarmæling með hreinum tón við fyrst skoðun og, við síðari framlengingar eða skoðanir vegna endurnýjunar, á fimm ára fresti fram til 40 ára aldurs og á tveggja ára fresti eftir það.
 - (ii) Þegar heyrnarmæling með hreinum tón fer fram, skulu fyrstu umsækjendur ekki hafa meiri heyrnarskerðingu en sem nemur 35 dB á tíðnunum 500, 1 000 eða 2 000 Hz, eða meira en 50 dB á 3 000 Hz, á hvoru eyra fyrir sig. Umsækjendur um framlengingu eða endurnýjun, með meiri heyrnarskerðingu skulu sýna fram á fullnægjandi heyrnargetu.
 - (iii) Umsækjendur með heyrnarskerðingu skulu sýna fram á fullnægjandi heyrnargetu.
 - (2) Ítarlegrar eyrna-, nef- og eyrnafræðilegrar skoðunar er krafist við fyrstu skoðun fyrir heilbrigðisvottorð í flokki 1 og reglulega eftir það ef klínískar ábendingar gefa tilefni til.
- (d) Umsækjendur heilbrigðisvottorðs í flokki 1 með:
- (1) virkt sjúkdómsferli, brátt eða langvinnt, í innra eyra eða miðeyra;
 - (2) ógróna rauf eða vanvirkni í hljóðhimnu;
 - (3) röskun í jafnvægisstarfsemi;
 - (4) marktæka þrengingu loftvega í nefi;
 - (5) stíflaðar nefholur;
 - (6) marktæka aflögun eða marktæka, bráða eða langvinna sýkingu í munnholi eða efri öndunarvegi;
 - (7) marktæka truflun á tali eða rödd;
- skulu gangast undir frekari læknisskoðun og mat til að staðfesta að ástandið hafi ekki áhrif á að réttinda viðeigandi skírteinis sé neytt með öruggum hætti.
- (e) Mat fluglæknis:
- (1) umsækjendum um heilbrigðisvottorðs í flokki 1 sem eru með röskun í jafnvægisstarfsemi skal vísað til leyfisyrivalds.
 - (2) heilbrigði umsækjenda í flokki 2 með röskun á jafnvægisstarfsemi skal vera metið í samráði við leyfisyrivöld.

MED.B.085 Húðsjúkdómafræðilegar kröfur

Umsækjendur skulu ekki hafa neinn staðfestan húðsjúkdóm sem er líklegt er að komi í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti.

MED.B.090 Æxlafræði

- (a) Umsækjendur skulu ekki hafa staðfestan fyrsta eða annars stigs illkynja sjúkdóm sem líklegt er að komi í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti.
- (b) Eftir meðferð á illkynja sjúkdómi, skal umsækjandi standast mat vegna æxlisins með fullnægjandi hætti áður en að heilbrigðismat getur farið fram. Umsækjendum í flokki 1 skal vera vísað til leyfisyfirvalda. Heilbrigði umsækjenda í flokki 2 skal vera ákveðið í samráði við leyfisyfirvald.
- (c) Umsækjendur með skráða sjúkrasögu um eða klíníska greiningu á illkynja innanheilaæxli í skulu metnir vanhæfir.

3. hluti

Sérstakar kröfur fyrir LAPL heilbrigðisvottorð

MED.B.095 Læknisskoðun umsækjenda fyrir LAPL heilbrigðisvottorð

- (a) Umsækjandi LAPL heilbrigðisvottorðs skal vera metinn á grundvelli bestu starfsvenjum fluglækna.
- (b) Sjúkrasögu umsækjanda í heild sinni skal vera veitt sérstök athygli.
- (c) Skoðun fluglæknis skal fela í sér að minnsta kosti eftirfarandi:
 - (1) læknisskoðun;
 - (2) blóðþrýstingsmælingu;
 - (3) þvagpróf;
 - (4) sjónpróf;
 - (5) heyrnarmælingu.
- (d) Eftir fyrstu útgáfu LAPL heilbrigðisvottorðs, má fækka læknisskoðunum fluglæknis þar til 50 ára aldri er náð með teknu tilliti til sjúkrasögu umsækjanda.

UNDIRKAFLI C

KRÖFUR FYRIR HEILBRIGÐISVOTTORÐ FLUGUMFERÐARSTJÓRA

FRÁTEKIÐ

UNDIRKAFLI D

KRÖFUR FYRIR HEILBRIGÐISMAT FLUGÁHAFNAR

1. hluti

Almennar kröfur

MED.D.001 Almennt

Meðlimir flugáhafnar skulu aðeins sinna skyldum sínum og störfum um borð á grundvelli reglna um flugöryggi ef þeir uppfylla skilyrði þessa hluta.

MED.D.005 Mat fluglæknis:

- (a) Meðlimir flugáhafnar skulu gangast undir mat fluglæknis til að tryggja að þeir séu ekki haldnir líkamlegum eða andlegum sjúkdómum sem gætu leitt til vanhæfni eða vangetu til að sinna skyldum sínum og störfum.-
- (b) Hver áhafnarmeðlimur fyrir sig skal gangast undir mat fluglæknis áður en hann hefur störf um borð, og eftir það á að minnsta kosti 60 mánaða fresti.
- (c) Mat fluglæknis skal vera framkvæmt af fluglækni, fluglæknasetri, eða af hálfu trúnaðarlæknis ef skilyrði MED.E.040 eru uppfyllt.

2. hluti

Kröfur fyrir heilbrigðismat fluglæknis fyrir flugáhöfn

MED.D.020 Almennt

Meðlimir flugáhafnar skulu ekki þjást af:

- (a) galla, meðfæddum eða ákomnum;
- (b) virkum, duldum, bráðum eða langvinnum sjúkdómi eða fötlun;
- (c) sári, meiðsli eða afleiðingum aðgerðar; og
- (d) áhrifum eða hliðarverkunum vegna lyfja sem fást með eða án lyfseðils sem tekin eru vegna meðferðar, sjúkdómsgreiningar eða forvarnar;

sem myndi hafa í för með sér óstarfhæfi sem gæti leitt til vanhæfni eða vangetu til að inna skyldum sínum og störfum af hendi á öruggan hátt.

MED.D.025 Inntak fluglæknismats

- (a) Fyrsta mat fluglæknis skal fela í sér að minnsta kosti:
 - (1) mat á sjúkrasögu áhafnarmeðlims; og
 - (2) læknisskoðun hvað varðar:
 - (i) hjarta- og æðakerfið;

- (ii) öndunarkerfið;
 - (iii) vöðva- og beinakerfið;
 - (iv) háls-, nef og eyru;
 - (v) sjón; og
 - (vi) litasýn.
- (b) Sérhvert mat fluglæknis eftir það skal fela í sér að minnsta kosti mat á sjúkrasögu áhafnarmedlims, og læknisskoðun ef þess gerist þörf á grundvelli góðra starfsvenja lækna.
- (c) Hvað snertir (a) og (b), ef vafi er fyrir hendi eða klínískar ábendingar gefa tilefni til, skal mat fluglæknis á áhafnarmedlim einnig fela í sér hvers kyns læknisskoðun, próf eða rannsókn sem fluglæknir, fluglæknasetur eða trúnaðarlæknir telur vera þörf á.

3. hluti

Aðrar kröfur fyrir umsækjendur, eða handhafa, vottorðs fyrir flugáhöfn

MED.D.030 Læknisskýrsla flugáhafnar

- (a) Eftir að fluglæknir hefur metið alla, skulu umsækjendur, eða handhafar, vottorðs fyrir flugáhöfn:
- (1) fá læknisskýrslu flugáhafnar í hendur frá fluglækni, fluglæknasetri eða trúnaðarlækni; og
 - (2) skulu útvega viðeigandi upplýsingar, eða ljósrit af læknisskýrslu flugáhafnar til rekstraraðila sem hefur/hafa þá í þjónustu sinni.
- (b) *Læknisskýrsla flugáhafnar*

Læknisskýrsla flugáhafnar skal gefa til kynna dagsetningu á mati fluglæknis, hvort meðlimur flugáhafnar hafi verið metinn hæfur eða vanhæfur, hvenær næsta mat fluglæknis skuli fara fram og, ef við á, takmarkanir. Öll önnur atriði skulu falla undir trúnað læknis í samræmi við MED.A.015

MED.D.035 Takmarkanir

- (a) Ef handhafar vottorðs fyrir flugáhöfn uppfylla ekki að fullu þær heilbrigðiskröfur sem tilgreindar eru í 2. hluta, skal fluglæknirinn, fluglæknasetrið eða trúnaðarlæknirinn meta hvort þeir geti innt af hendi skyldum flugáhafnar með öruggum hætti ef ein eða fleiri takmörkun á við.
- (b) Hverjar þær takmarkanir sem gerðar eru við þau réttindi sem veitt eru í vottorði fyrir flugáhöfn skulu vera tilgreindar á læknisskýrslu flugáhafnar og skal einungis fluglæknir, fluglæknasetur eða trúnaðarlæknir í samráði við fluglækni fjarlægja þær.

UNDIRKAFLI E

FLUGLÆKNAR , HEIMILISLÆKNAR , TRÚNAÐARLÆKNAR

1. hluti

Fluglæknar

MED.E.001 Réttindi

- (a) Réttur fluglæknis er að gefa út, framlengja og endurnýja heilbrigðisvottorð í flokki 2 og LAPL heilbrigðisvottorð, og að framkvæma viðeigandi læknisskoðanir og mat.
- (b) Handhafar heilbrigðisvottorðs frá fluglækni geta sótt um rýmkun á réttindum sínum í þeim tilgangi að fá læknisskoðun fyrir framlengingu og endurnýjun á heilbrigðisvottorðum í flokki 1, ef þeir uppfylla skilyrði í MED.E.015
- (c) Umfang réttinda fluglæknis, og skilyrða þeim tengdum, skulu vera tilgreind í vottorðinu.
- (d) Þeir sem hafa læknaskírteini sem fluglæknir skulu ekki framkvæma skoðun og mat sem fluglæknir í öðru aðildarríki en því sem gaf út fluglæknaskírteinið, nema þeir hafi:
 - (1) fengið aðgang frá gesta aðildarríki til að nýta sérfræðiréttindi eins og sérfræðilæknir;
 - (2) upplýst þar til bært yfirvald í gesta aðildarríki um áætlun sína að framkvæma skoðun og mat sem fluglæknir og að gefa út heilbrigðisvottorð innan umfangs réttinda sinna sem fluglæknir; og
 - (3) fengið leiðbeiningar frá þar til bæru stjórnvaldi í gesta aðildarríkinu.

MED.E.005 Umsókn

- (a) Umsókn fyrir skírteini sem fluglæknir skal vera á eyðublaði og með þeim hætti sem þar til bært stjórnvald ákveður.
- (b) Umsækjendur fyrir fluglæknisskírteini skulu útvega þar til bæru stjórnvaldi:
 - (1) persónuupplýsingar og heimilisfang vinnustaðar;
 - (2) skjal sem sýnir að þeir uppfylli skilyrði MED.E.010, þar á meðal að fylla út vottorð um þjálfunarnám í fluglæknisfræðum sem hæfa þeim réttindum sem þeir sækja um;
 - (3) skriflega yfirlýsingu að fluglæknir mun gefa út heilbrigðisvottorð á grundvelli þeirra skilyrða sem þessi kafli kveður á um og í samræmi við viðeigandi og tækar leiðir (AMC) sem Flugöryggisstofnun (stofnunin) hefur samþykkt.
- (c) Þegar fluglæknirinn framkvæmir læknisskoðun á fleiri en einum stað, skal hann útvega þar til bæru stjórnvaldi viðeigandi upplýsingar hvað varðar alla þá staði þar sem hann starfar.

MED.E.010 Kröfur fyrir útgáfu fluglæknisskírteinis

Umsækjendur fluglæknisskírteinis með þeim réttindum sem tilheyra fyrstu útgáfu, framlengingu og endurnýjun heilbrigðisvottorða í flokki 2 skulu:

- (a) vera hæfir, með læknaleyfi, lokaprófsskírteini og sérhæfingu ;

- (b) hafa lokið námskeiði í grundvallarþjálfun í fluglækningum;
- (c) útskýra fyrir þar til bæru stjórnvaldi að þeir:
 - (1) hafi viðunandi aðstöðu, aðferðir, skrár og búnað sem hæfir flugskoðun; og
 - (2) hafi til takst nauðsynlegar verklagsferla og aðstæður til að tryggja trúnaðarskyldu lækna.

MED.E.015 Kröfur fyrir frekari réttindi

Umsækjendur fyrir fluglæknisskírteini sem eykur réttindi þeirra við útgáfu, framlengingu og endurnýjun heilbrigðisvottorða í flokki 1 skulu hafa gilt fluglæknisskírteini og hafa:

- (a) framkvæmt að minnsta kosti 30 skoðanir fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun heilbrigðisvottorða í flokki 2 á innan við 5 árum fyrir umsókn;
- (b) gengist undir framhaldsnámskeið í fluglækningum; og
- (c) **gengist undir starfsþjálfun á fluglæknasetri.**

MED.E.020 Þjálfunarnámskeið í fluglækningum

- (a) Þjálfunarnámskeið í fluglækningum skal vera samþykkt af hálfu þar til bærs stjórnvalds í aðildarríki þar sem samtökin, sem veita það, hafa aðalstöðvar sínar. Samtökin sem sjá um námskeiðið skulu sýna fram á að námsskrá námskeiðsins sé viðunandi og að einstaklingurinn sem sér um þjálfunina hafi fullnægjandi þekkingu og reynslu.
- (b) Námskeiði skal ljúka með skriflegu prófi um það efni sem farið er í á námskeiðinu, nema þegar um er að ræða upprifjunarnámskeið.
- (c) Samtökin sem halda námskeiðið skulu veita umækjendum vottorð um námslok þegar þeir hafa staðist próf.

MED.E.025 Breytingar á fluglæknisskírteini

- (a) Fluglæknir skal gera þar til bæru stjórnvaldi viðvart um eftirfarandi breytingar sem gætu haft áhrif á skírteini þeirra:
 - (1) fluglæknir gengst undir meðferð agabrota eða rannsókn af hálfu læknisyfirvalda;
 - (2) það hafa orðið breytingar á þeim skilyrðum sem leyfið grundvallast á, þar á meðal inntaki gagna sem fylgja umsókninni;
 - (3) skilyrðin fyrir útgáfu eru ekki lengur til staðar;
 - (4) staðsetning aðstöðu fluglæknis hefur breyst eða heimilisfang.
- (b) Misbrestur á að upplýsa þar til bært stjórnvald skal leiða til tímabundinnar brottvikningar eða afturköllunar á réttindum leyfisins.

MED.E.030 Gildistími fluglæknisskírteinis

Fluglæknisskírteini skal vera gefið út í mesta lagi til 3ja ára. Gildistími þess skal vera framlengdur hvað varðar eftirfarandi atriði er varða handhafann:

- (a) hann uppfyllir enn almenn skilyrði sem krafist er til að stunda lækningar og að viðhalda skráningu sem starfandi læknir á grundvelli landslaga;
- (b) að sækja upprifjunarnámskeið í fluglækningum síðastliðin 3 ár;

- (c) hafa framkvæmt að minnsta kosti 10 læknisskoðanir á hverju ári;
- (d) fylgja skilyrðum þeim sem tilheyra leyfi hans; og
- (e) stunda réttindi sín í samræmi við þennan hluta.

2. hluti

Heimilislæknar

MED.E.035 Kröfur fyrir heimilislækna

- (a) Heimilislæknar skulu starfa sem fluglæknar aðeins við útgáfu LAPL heilbrigðisvottorða
 - (1) ef þeir starfa innan aðildarríkis þar sem heimilislæknar hafa viðeigandi aðgang að sjúkraskýrslum umsækjanda í heild sinni; og
 - (2) í samræmi við önnur skilyrði sem sett eru í landslögum.
- (b) Til að gefa út LAPL heilbrigðisvottorð, skal heimilislæknir vera hæfur og með læknaleyfi í samræmi við landslög.
- (c) Heimilislæknar sem starfa sem fluglæknar skulu greina frá þeim störfum til þar til bærs stjórnvalds.

3. hluti

Trúnaðarlæknar

MED.E.040 Kröfur fyrir trúnaðarlækna

Trúnaðarlæknar skulu aðeins framkvæma mat sem fluglæknir fyrir flugáhöfn ef:

- (a) þar til bært stjórnvald samþykkir að viðeigandi heilbrigðiskerfi á landsvísu geti tryggt að skilyrðum þessa hluta sé fylgt;
- (b) þeir hafa læknaleyfi og eru hæfir sem trúnaðarlæknar í samræmi við landslög; og
- (c) hafa öðlast þekkingu í fluglækningum sem máli skiptir hvað snertir starfsumhverfi flugáhafnar.